

Nd.

507. Nefndarálit

[9. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Sami háttur hefur verið hafður á við afgreiðslu frumvarpsins og verið hefur á undanförunum árum. Til þess að flýta fyrir afgreiðslu frumvarpsins og til að tryggja, að samræmis gætti um afgreiðslu frumv. milli deilda, var 4 þingmönnum, tveimur úr allsherjarnefnd hvorrar þingdeildar ásamt skrifstofustjóra Alþingis, falið að athuga frumv. og umsóknir, er því fylgdu, og umsóknir um ríkisborgararétt, sem síðar bárust nefndinni.

Að athugunum þessum loknum varð nefndin sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.

Reglur þær, sem allsherjarnefndir beggja deilda settu í nefndaráliti 17. maí 1955 og síðan hafa verið gerðar nokkru fyllri, hafði nefndin einnig nú til hliðsjónar við athuganir sínar. Þykir rétt að birta reglurnar í þessu nefndaráliti, en þær eru þessar:

1. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að álitu tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur, þar sem hann hefur dvalið.
2. Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skulu hafa átt hér lögheimili í 10 ár, Norðurlandabúar í 5 ár.
3. Karl eða kona, sem giftist íslenskum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenski ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en 5 ár.
4. Erlendir ríkisborgarar, sem eiga íslenskan ríkisborgara að foreldri, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu, ef annað foreldri er Norðurlandabúi, annars eftir 5 ár.
5. Íslendingar, sem gerzt hafa erlendir ríkisborgarar, fái ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu.
6. Íslensk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið og hún hefur öðlzt heimili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún yfir, að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn hennar, sem hafa ekki náð 16 ára aldri og henni fylgja.

Allir umsækjendur samkv. 1. gr. frv., eins og hún er, fullnægja þeim skilyrðum, sem lýst er hér að framan, og sömuleiðis þeir umsækjendur, sem nefndin leggur til í breytingartillögum sínum að öðlist ríkisborgararétt, að undanskildum nr. 11, 14, 16, 24, 25 og 27, sem nánar verður gerð grein fyrir í framsögu.

Samkvæmt framansögðu mælir nefndin með því, að þeim fjórum umsækjendum, sem taldir eru í 1. gr. frv., og þeim 32 umsækjendum, sem taldir eru upp í breytingartillögum nefndarinnar á þskj. 494, verði nú veittur íslenskur ríkisborgararéttur.

Enginn umsækjenda, sem nefndin leggur til að öðlist íslenskan ríkisborgararétt, hefur, að því er bezt verður vitað, sætt þeim viðurlögum hér á landi, sem hindri, að þeim verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur.

Alþingi, 15. apríl 1966.

Matthías Bjarnason,
form., frsm.

Birgir Finnsson,
fundaskr.

Pétur Sigurðsson.

Jón Kjartansson.

Björn Fr. Björnsson.
Ragnar Arnalds.

Óskar E. Levy.